

FFR

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA
RÍKISSTOFNANA

Ársskýrsla FFR
starfsárið 2005 - 2006

Reykjavík maí 2006

I. Stjórn og stjórnarfundir

Á aðalfundi Félags forstöðumanna ríkisstofnana sem haldinn var 31. maí 2005 voru kosin í stjórn félagsins;

Formaður:

Skúli Eggert Þórðarson, skattransóknarstjóri.

Aðrir í aðalstjórn:

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, sýslumaður Ísfirðinga,

Björn Karlsson, brunamálastjóri,

Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður.

Snævar Guðmundsson, forstjóri Fasteigna ríkissjóðs.

Í varastjórn voru kosin:

Þorkell Helgason orkumálastjóri,

Sjöfn Sigurgísladóttir forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins,

Óli H. Þórðarson, formaður Umferðarráðs.

Stjórnin skipti verkum með þeim hætti að Sigríður Björk Guðjónsdóttir tók að sér störf varaformanns, Snævar Guðmundsson varð gjaldkeri, Björn Karlsson varð ritari og Margrét Hallgrímsdóttir meðstjórnandi. Vararitari varð Sjöfn Sigurgísladóttir, varagjaldkeri varð Þorkell Helgason og umsjónarmaður félagaskrár varð Óli H. Þórðarson.

Stjórnarfundir fara fram þannig að stjórn og varastjórn hittist ætíð saman og er í reynd ekki gerður neinn greinarmunur á stjórn eða varastjórn. Hefur sá háttur verið hafður á um árabíl og jafnvel frá upphafi. Stjórnin hittist á starfsárinu í 13 skipti alls í skráðum 11 stjórnarfundum. Félagsstjórnin ákvað félagsfundi og efni þeirra, ræddi m.a. ítarlega stefnumótun og áherslur í starfi félagsins og hvort þar væri stigin rétt spor. Þá afgreiddi stjórnin erindi sem félaginu bárust og gekk frá umsögnum til Alþingis Íslendinga ásamt fleiru. Þá voru kjaramál félagsmanna óvenjumikið rædd á stjórnarfundur annars vegar vegna tveggja frumvarpa á Alþingi um breytingar á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd og hins vegar hvort Félag forstöðumanna ríkisstofnana ætti yfirhöfuð að hafa afskipti af kjaramálum. Á hinu síðara eru nokkuð skiptar skoðanir innan stjórnarinnar.

Ákveðið var að hafa starf félagsins áfram frekar opið og gefa forstöðumönnum utan félagsins kost á að taka þátt í félagsstarfinu með því að sækja fundi. Nokkrir fundir voru þó einvörðungu fyrir félagsmenn eðli málsins samkvæmt, svo sem fundir um kjara- og lífeyrismál, stefnumótunarfundur og það sem kallað hefur verið skemmtifundir félagsins.

Í samræmi við 9. gr. félagslaga boðaði stjórnin til aðalfundar 23. maí 2006 með lögbundnum fyrirvara og lýkur störfum starfsársins 2005 – 2006 í dag.

II. Fjöldi félagsmanna

Félagsmenn í FFR voru í upphafi starfsársins 190, þ.e. 154 starfandi forstöðumenn stofnana og 36 fyrrverandi forstöðumaður. Á starfsárinu voru felldir af aðalskrá alls 8 forstöðumenn sem höfðu látið af störfum. Tveir fyrrverandi forstöðumenn hafa látist á starfsárinu. Í félagið gengu á hinn bóginn **29 nýir félagsmenn. Netto fjölgun á félagaskrá er því 21 starfandi forstöðumaður og 2 fyrrverandi forstöðumenn.**


Félagatalið telur því:

175 starfandi forstöðumenn

38 fyrrverandi forstöðumenn

Alls **213 félagsmenn.**

Fjöldi félagsmanna FFR 1999 - 2006
fyrrverandi forstöðumenn ekki meðtaldir



Er þetta því umtalsverð fjölgun og hafa félagsmenn FFR aldrei verið fleiri. Lengst af voru félagsmenn í FFR nokkuð innan við helmingur forstöðumanna stofnana. Fjölgun félagsmanna hefur verið jöfn og þétt síðustu 8 – 9 ár þótt óvenju margir hafi gengið til liðs við félagið á undanförunum tveimur starfsárum. Markviss kynning á starfi félagsins, m.a. útsending ársskýrslu þess virðist þannig hafa skilað sér í auknum fjölda félagsmanna. Félagsmenn eru nú tvöfalt fleiri en þeir voru árið 1999 og alls eru nú þrjú fjórðu hluti allra forstöðumanna stofnana hér á landi félagsmenn í FFR. Hefur það hlutfall aldrei verið hærra en nú.

III. Félagsfundir

Félagsstarfið og dagskrá þess var kynnt fyrir utanfélagsmönnum í upphafi starfsársins og var það í annað árið í röð sem það var gert. Var þeim send ársskýrslu félagsins en jafnframt fylgdi skýrslu stjórnar eyðublað um inngöngubeiðni í félagið. Félagsmönnum var send ársskýrslan rafrænt en auk þess eru allar ársskýrslur og fundargerðir félagsfunda á vefsíðu félagsins, www.ffr.is.

Stjórn félagsins gekk tvívegis frá starfsáætlun til fjögurra mánaða fyrst að hausti 2005 en síðan í ársbyrjun 2006. Starfsáætlanir þessar voru sendar rafrænt til allra félagsmanna svo og forstöðumanna utan félagsins. Starfsáætlanir þessar stóðust að mestu, féll niður einn fundur svo og námskeið um stjórnsýslurétt en í stað þeirra var bætt við málþingi um ímynd opinberrar stjórnsýslu.

Efni félagsfunda var sem hér segir:

1. **Fyrsti** félagsfundurinn var haldinn 27. september 2005. Stofnanakynning hjá Landspítala – Háskólasjúkrahúsi sem haldið var í Barnaspítala Hringins. Gestgjafi var **Magnús Pétursson** forstjóri spítalans sem flutti fundarmönnum erindi. Einnig voru fjögur önnur erindi flutt um störf og starfshætti spítalans, kynningu á hinum nýja spítala og fleira heilsutengt. Þátttakendur í heimsókninni voru rúmlega 50.
2. **Annar** félagsfundurinn var haldinn 6. október 2005 og var kynningarfundur um stofnanasamninga. Gestir fundarins voru **Gunnar Björnsson** skrifstofustjóri, **Ásta Lára Leósdóttir** og **Guðmundur H. Guðmundsson** frá starfsmannaskrifstofu Fjármálaráðuneytis. Fundinn sóttu um 180 manns.
3. **Þriðji** félagsfundurinn var haldinn 14. október 2005 en þá var gestur fundarins **Bolli Þór Bollason** ráðuneytisstjóri Forsætisráðuneytisins og fjallaði um störf ráðuneytisins. Fundinn sóttu tæplega 50 manns.
4. **Fjórði** félagsfundurinn var haldinn var 27. október 2005. Um var að ræða fræðslufund í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ Efni fundarins var stofnanamenning. Gestur fundarins var **Mike Richardsson** ástralskur sérfræðingur. Fundinn sóttu 70 manns.

5. **Fimmti** félagsfundurinn var haldinn 31. október 2005 og fjallaði um sjálfstæði stofnana. Framsögumenn voru þeir **Arnar Þór Másson** sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu og **Indriði H. Þorláksson** ríkisskattstjóri. Fundinn sóttu 19 manns.
6. **Sjötti** félagsfundurinn var ráðstefna haldin 9. nóvember 2005 í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ. Þá var tekið til umræðu hvert væri hlutverk stéttarféлага í ljósi auknu sjálfstæði ríkisstofnana og hvort þörf væri á endurskoðun starfsmannalaga. Framsögumenn voru þeir **Ögmundur Jónasson** formaður BSRB, **Elsa Friðfinnsdóttir** varaformaður BHM, **Gunnar Björnsson** skrifstofustjóri, **Magnús Jónsson** veðurstofustjóri og **Gylfi D. Aðalsteinsson** lektor við HÍ. Ráðstefnustjóri var **Þorsteinn Geirsson** ráðuneytisstjóri. Ráðstefnuna sóttu um 140 manns.
7. **Sjöundi** félagsfundurinn var haldinn 22. nóvember 2005. Þá gekkst félagið fyrir ráðstefnu í samvinnu við Fjármálaráðuneytið og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ um **Betri stjórnendur – góðir starfshættir stjórnenda í opinberum rekstri**. Framsögumenn voru **Elísabet Hvas** starfsmaður danska Fjármálaráðuneytisins, **Margrét S. Björnsdóttir f.h. Ómars Kristmundssonar** og **Magnús Pétursson** forstjóri Landspítala – Háskólasjúkrahúss. Ávarp flutti **Árni Mathiesen** fjármálaráðherra og málþingsstjóri var **Haukur Ingibergsson** forstjóri FMR. Ráðstefnuna sóttu um 180 manns.
8. **Áttundi** félagsfundurinn var haldinn 2. desember 2005. Boðið var til jólahlaðborðs. Gestur fundarins var herra **Karl Sigurbjörnsson biskup** sem flutti fundarmönnum hugvekju vegna komandi hátíða. Á fundinum var einnig tónlistaratriði en listamenn úr hljómmeykinu Schoola Cantorum fluttu fundarmönnum nokkur lög. Fundarmenn voru um 60.
9. **Níundi** félagsfundurinn var haldinn 19. janúar 2006. Yfirskrift hans var **Stjórnun ríkisstofnana og áhrif árangursstjórnunar**. Framsögumenn voru þeir **Ásmundur Stefánsson** ríkissáttasemjari og **Stefanía Katrín Karlsdóttir** fyrrv. rektor Tækniskóla Íslands. Fundarmenn voru rúmlega 70 samtals.

10. **Tíundi** félagsfundurinn var haldinn 26. janúar 2006 og var stofnanaheimsókn til Hæstaréttar Íslands í samvinnu við Sýslumannafélag Íslands. Gestgjafi var **Þorsteinn A. Jónsson** skrifstofustjóri Hæstaréttar en hann og **Gunnlaugur Classen** forseti Hæstaréttar kynntu störf réttarins. Kynningin var haldin í dómhúsi Hæstaréttar við Lindargötu. Gestir voru m.a. viðstaddir dómsuppsögu í réttinum. Fundarmenn voru tæplega 60.
11. **Ellefti** félagsfundurinn var haldinn 31. janúar 2006 og fjallaði um launaákvarðanir kjaranefndar. Gestur fundarins var **Guðrún Zoega** formaður kjaranefndar. Skýrði Guðrún störf nefndarinnar og forsendur ákvarðana. Fundinn sóttu 24 manns.
12. **Tólfthi** viðburður í félagsstarfinu var kynningarheimsókn til Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, OECD. Fundurinn var haldinn 1. – 2. febrúar 2006 í Frakklandi. Fræðsluerindi fluttu **Berglind Ásgeirsdóttir** aðstoðarframkvæmdastjóri OECD, **Sveinbjörn Blöndal** deildarstjóri hjá OECD, **Jón Blöndal** sérfræðingur hjá OECD, **Tómas Ingi Olrich** sendiherra Íslands í París, **Finnbogi Rútur Arnarson** sendiráðunautur, **Jón Gauti Jóhannsson** sendifulltrúi og **Unnur Orradóttir** viðskiptafulltrúi. Þátttakendur í fundinum voru 11 forstöðumenn auk nokkurra gesta.
13. **Þrettándi** félagsfundurinn var haldinn 16. febrúar 2006 og fjallaði um starfslok starfsmanna ríkisins og hvernig ætti að standa að þeim. Erindi flutti **Þórhallur Vilhjálmsson** þá lögfræðingur í Fjármálaráðuneytinu. Fundarmenn voru rúmlega 50.
14. **Fjórthándi** félagsfundurinn var haldinn 2. mars 2006. Þá voru tekin til umræðu störf stjórnarskránefndar. **Þorsteinn Pálsson** fyrrv. forsætisráðh. og varaform stjórnarskránefndar flutti erindi. Fundinn sóttu rúmlega 20.
15. **Fimmtándi** félagsfundurinn var haldinn 31. mars 2006 og fjallaði um stofnanasamninga og hvernig staða þeirra mála væri. Gestir fundarins voru þeir **Gunnar Björnsson** og **Guðmundur H. Guðmundsson** starfsmenn Starfsmannaskrifstofu Fjármálaráðuneytisins. Fundarmenn voru um 140.

16. **Sextándi** fundur starfsársins var haldinn 6. apríl 2006 og var stefnumótunarfundur sem stjórn FFR bauð öllum félagsmönnum að taka þátt í. Leiðsögumaður var **Ásmundur Stefánsson** ríkissáttasemjari. Alls tóku þátt í undirbúningi fundarins og fundinum sjálfum rétt um 20 manns.
17. **Sautjándi** fundur starfsársins var málþing sem haldið var 5. maí 2006 í samvinnu við Stofnun stjórnsýslufræða við HÍ. og fjallaði um ímynd opinberrar stjórnsýslu og tengsl við borgarana. Fyrirlesarar voru **Tryggvi Gunnarsson** umboðsmaður Alþingis og **Erna Indriðadóttir** verkefnastj. Í panelumræðum tóku þátt **Brynjólfur Bjarnason** forstjóri Símans, **Gunnar Einarsson** bæjarstjóri í Garðabæ og **Ellý Guðmundsdóttir** sviðstjóri hjá Reykjavíkurborg. Málþingsstjóri var **Magnús Pétursson** forstjóri Landspítala – Háskólasjúkrahúss. Þátttakendur í málþinginu voru um 130.
18. **Átjándi** félagsfundur starfsársins var haldinn á Egilstöðum undir yfirskriftinni Stjórnsýsla í örum breytingum. Þar voru fyrirlesarar **Ástríður Grímsdóttir** sýslumaður, **Eiríkur Björgvinsson** bæjarstjóri, **Karl Lauritzson** skattstjóri og **Einar Rafn Haraldsson** framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands. Fundarmenn voru 19.

Með aðalfundi 2006 hefur félagið því alls haldið **19** félagsfundi og stofnanaheimsóknir frá því í september 2005. Er það nokkur fjölgun funda frá fyrra ári en fleiri hafa fundir aldrei verið á einu og sama starfsárinu. Alls tóku þátt í fundum og viðburðum félagsins tæplega 1300 manns sem er lítilleg fækkun frá fyrra starfsári. Á síðustu þremur árum hafa 3.400 manns sótt fundi hjá félaginu.

Almennt má um fundarsókn hjá félaginu segja að hún hafi verið misjöfn en í heild aukist mjög frá fyrri árum. Vitaskuld hafa fjölsóttar ráðstefnur mest að segja í þessu tilliti en einnig ákveðin málefni sem félagsmenn sækja meir en annað. Það þarf einnig að hafa í huga að stærri ráðstefnur eru sóttar af fleirum en forstöðumönnum einum. Athyglisvert er að aðsókn að fundum um kjaramál forstöðumanna, hvort heldur það eru launa- eða lífeyrismál og fundum með stjórnámálumönnum er dræm og jafnvel léleg en fundir um málefni stofnana, svo sem um samningamál starfsmanna eða lagaákvæði um tiltekna stjórnsýslu, eru mjög fjölsóttir. Þó ekkert annað kæmi til verður að telja að þetta sé skýr vísbending um hvaða áherslur beri að hafa í starfi félagsins.

IV. Tilgangur Félags forstöðumanna ríkisstofnana

Í 2. gr. félagslaga segir svo:

“Tilgangur félagsins er:

- að efla kynni félagsmanna.
- að stuðla að samstarfi félagsmanna.
- að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, þar með talið kjaramálum þeirra, almennt.
- að vera tengiliður við stjórnvöld varðandi gagnkvæm málefni.
- að efla kynningu félagsmanna á stofnunum hvers annars.
- að stuðla að fræðslustarfi meðal félagsmanna.”

Tilgangur félagsins samkvæmt félagslögum ber það þannig skýrlega með sér að félaginu er ætlað í meginatriðum tvíþætt hlutverk. Annað er að sinna persónulegum hagsmunum svo sem lífeyris- eða kjaramálum. Hitt sem er þó meginverkefnið er að huga að þeim hagsmunum og trúnaðarstörfum sem forstöðumönnum eru falin ásamt þeim lagareglum sem þeim er ætlað að fara eftir við störf sín. Aukin kynni og samstarf félagsmanna er þannig beinlínis ætlað að skapa skilyrði til þess að forstöðumenn geti sinnt starfi sínu betur með því að vera kunnugt um með hvaða hætti aðrir forstöðumenn sinna sínu starfi og hvernig aðsteðjandi vandamál séu leyst, með öðrum orðum hvernig stjórnsýsla annarra stofnana er leyst af hendi. Þannig er það undirliggjandi megintilgangur félagsins að bæta og efla stjórnsýslustörf forstöðumanna ríkisstofnana.

Stjórn félagsins ákvað að efna til umræðna um hver skyldu vera framtíðaráform þess. Öllum félagsmönnum var gefinn kostur á að koma til stefnumótunarfundar sem haldinn var í byrjun apríl 2006. Það var ágætur fundur sem Ásmundur Stefánsson ríkissáttasemjari tók að sér að leiða og tókst honum, á stundum með ögrandi framkomu, að skerpa á viðhorfum félagsmanna og að ná fram skapandi umræðum.

Á stefnumótunarfundinum var velt nokkrum áleitnum spurningum. Hinar helstu voru:

- FFR eru samtök 175 ríkisforstjóra. Er unnt að nýta þann kraft sem þannig myndast?
- Á FFR að verða faglegt félag um stjórnsýsluna og stöðu hennar?
- Á FFR að verða félag um rekstrarmál stofnana?
- Á FFR að verða vísir að vinnuveitendasambandi ríkisstofnana?
- Á FFR að verða félagsskapur allra helstu stjórnenda í opinberum rekstri og láta sig varða allt er snertir opinberan rekstur?
- Á FFR að vera deildaskipt – í undirdeild yrðu næstráðendur, fjármálastjórar eða skrifstofustjórar stofnana?
- Hvað á FFR ekki að vera?

Meginniðurstaða stefnumótunarfundarins var tvíþætt, annars vegar að vafasamt væri að launa- og kjaramál ættu að heyra undir félagsstarf FFR og hitt að félagið ætti að láta meira til sín taka á opinberum vettvangi. Hið síðarnefnda er einkum tilkomið vegna þess hve mikil gagnrýni er á opinberan rekstur – oft með ómálefnalegum hætti sem forstöðumenn stofnana láta yfir sig ganga. Ráðuneytin koma sjaldan til varna og ráðherrar helst ef vegið er að þeirra störfum.

Á fundinum var rætt um hvort FFR ætti að gefa út fréttablað, rafrænt eða prentað. Slíkt myndi gefa félagsmönnum og félaginu ýmsa möguleika til að láta í sér heyra og bregðast til varnar ef ástæða væri til. Með þeim hætti væri einnig hugsanlegt að snúa við neikvæðri umræðu um opinberan rekstur. Hvernig sem á málin væri litið yrði að telja að fréttabréf FFR væri verkfæri sem unnt væri að nota.

Niðurstaða stefnumótunarfundarins var að kjaramálin voru sett í sérstakan starfshóp og félagsstjórnin kannaði með útgáfu fréttabréfs.

V. Fræðslumál

Á starfsárinu var framhaldið stjórnendabjálfun forstöðumanna sem hófst á árinu 2004 eftir undirbúningsstarf sem unnið var af þeim Hauki Ingibergssyni forstjóra FMR og Sölva Sveinssyni skólameistara.

Undirritaður hafði verið hinn 14. september 2004, samstarfssamningur á milli IMG, Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ, Fjármálaráðuneytisins og Félags forstöðumanna ríkisstofnana um fræðsluáætlun fyrir forstöðumenn opinberra stofnana. Námskeiðahaldið hófst svo í október 2004 og hefur staðið yfir síðan. Kostnaður við þetta hefur verið hóflegur fyrir stofnanir eða kr. 120.000 fyrir 48 klst. kennslufni. Starfsmenntunarsjóður forstöðumanna styrkti starfið einnig í upphafi með eingreiðslu. Þeir sem gengið hafa í gegnum fyrrnefnt bjálfunarkerfi hafa lokið upp einum rómi um að það hafi gagnast þeim vel. Þetta er einnig vettvangur fyrir forstöðumenn að kynna bæði persónulega og þeirri starfsemi stofnana sem hlutaðeigandi reka og hvaða álitamál þar kunna að vera uppi.

Á því starfsári sem nú er að ljúka hefur aðsókn verið mun dræmari en áður hafði verið. Niðurstaða af þessu er því sú að stjórn FFR telur að rétt sé að fresta frekari námskeiðahaldi, amk. um sinn. Þetta var þó mikilsverð tilraun sem átti fullan rétt á sér og skilaði þátttakendum góðri fræðslu.

Þá stóð félagið í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ fyrir ítarlegu námskeiði í stjórnsýslurétti. Var það námskeið 36 kennslustundir og var aðalkennari Páll Hreinsson prófessor við HÍ. Þetta var námskeið bæði ætlað forstöðumönnum og öðrum sem starfa við stjórnsýslu hjá stofnunum. Færri komust á þetta námskeið en vildu og sóttu námskeiðið 40 manns, svo til eingöngu forstöðumenn og starfsmenn stofnana. Þá stóð til að hafa 4 klukkustunda fræðslufund um vanhæfisreglur stjórnsýslulaga sem Páll Hreinsson ætlaði að taka af sér en því miður þurfti að aflýsa þeim fundi og óvíst er um framhald þess námskeiðahalds.

Loks eru margir fundir og ráðstefnur sem félagið stendur fyrir hluti af almennu fræðslustarfi félagsins. Má þar m.a. nefna nokkrar ráðstefnur um stjórnsýsluna sem félagið hefur staðið fyrir á undanförunum árum.

VI. Kjara- og lífeyrismál

Í lögum FFR segir m.a. í 2. gr. félagslaga:

„Tilgangur félagsins er.....að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna, þar með talið kjaramálum þeirra, almenn“

Þáttur í störfum stjórnar er því að eiga samskipti við kjaranefnd og fylgjast með þróun launa og launavísitölu. Stjórnin fól þeim Magnúsi Jónssyni fyrrverandi formanni FFR og Sjöfn Sigurgísladóttur að leiða samskiptin við kjaranefnd. Hafa þau ásamt formanni félagsins annast þau.

Helstu áhersluatriði FFR hafa verið eftirfarandi:

- almenn hækkun launa forstöðumanna
- fella niður lægstu flokka sem forstöðumenn taka laun eftir
- færa einingar, að hluta eða öllu leyti, inn í föst laun
- endurskoða viðmiðanir við launaákvörðanir forstöðumanna
- tryggja eins konar biðlaunarétt eða starfslokagreiðslur
- komið verði á fót fjölskyldu- og styrktarsjóði.

Viðræður við kjaranefnd hafa gengið vel þótt FFR hafi lýst þeim sjónarmiðum sínum að félaginu þætti framfarir ganga hægt og skref sem stigin hafa verið til hækkunar launa bæði verið stutt og óþarflega mikil naumhyggja ríkjandi um flesta hluti. Launahækkanir komu framan af seint en á því varð þó breyting á árunum 2002 – 2003 þegar kjaranefnd hóf að fylgja launavísitölu opinberra starfsmanna betur. Við athugun og samanburð við launavísitölu hefur komið í ljós að meðaltalslaun forstöðumanna opinberra stofnana fylgja nú á allra síðustu árum launavísitölu og raunar örlítið betur. Þá leið frekar skammur tími á milli ákvarðana kjaranefndar og almennra launabreytinga og er það einnig framför frá því sem áður var. Dró þannig nokkuð saman með launaákvörðunum kjaranefndar og Kjaradóms þar sem kjaranefndarmenn fengu kjör sín bætt nokkuð en ekki þeir embættismenn sem heyrðu undir Kjaradóm. Í þessu samhengi er rétt að líta alveg fram hjá launa- og starfskjörum þjóðkjörinna fulltrúa. Rétt þykir samhengisins vegna að rekja nokkuð launaþróun síðustu tveggja ára.

Á árinu 2004 ákvað Kjaranefnd hækkun launa um 3% frá 1. janúar 2004 en Kjaradómur ekki fyrr en í desember sama ár. Þ. 1. janúar 2005 hækkaði Kjaranefnd laun aftur um 3% í samræmi við kjarabreytingar í samfélaginu. Á

sama tíma gerði Kjaradómur engar breytingar. Þá ákvað kjaranefnd almenna hækkun hinn 28. júní 2005 um 4,5% frá og með 1. febrúar 2005 en Kjaradómur gerði engar breytingar. Kjaranefnd úrskurðaði síðan í desember 2005 launahækkun frá og með 1. janúar 2006 um 2,5%. Það er ekki fyrr en 19. desember 2005 sem Kjaradómur tók af skarið og framkvæmdi sömu hækkunir og kjaranefnd hafði þegar gert og úrskurðaði þá hækkun launa um rúmlega 8% sem taka ætti gildi 1. janúar 2006 eða allt að einu ári á eftir sambærilegum hópum. Sú hækkun var ekkert annað en uppsöfnuð óúrskurðuð hækkun hjá kjaradómsmönnum sem ekki verður annað séð en að Kjaradómur hafi skirrst við að taka afstöðu til. Framhald málsins eftir 19. desember 2005 þekkja allir og hækkun Kjaradóms var slegin af með látum.

Frumvarp til breytinga á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd var lagt fram á Alþingi í janúar 2006. Tilgangur frumvarpsins var að afnema hækkun Kjaradóms og banna allar launabreytingar til ársloka 2006, bæði hjá kjaradóms- og kjaranefndarmönnum. Í kjölfarið sigldi síðan frumvarp til laga um kjararáð, nýtt fyrirbrigði sem ætlað er að taka við störfum Kjaradóms og kjaranefndar.

Mál þetta allt og hvernig það verður til, er með sérstökum álíkindum. Lögin sem bönnuðu kjarabreytingar ganga gegn öllum þeim umbótum í stjórnvísunni sem unnið hefur verið að á undanförunum árum. Í umsögn sem FFR sendi Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis segir um þetta í bréfi félagsins dags. 24. apríl 2006:

“Breyting sú sem nú er lögð til er afsprengi þeirrar lítt málefnalegu umræðu sem skapaðist um störf Kjaradóms og kjaranefndar í desember 2005 og janúar 2006. Hófst sú umræða þegar Kjaradómur úrskurðaði forseta Íslands, alþingismönnum, ráðherrum, dómurum og fimm öðrum embættismönnum, launabreytingar hinn 19. desember 2005, sem Kjaradómi bar að gera samkvæmt þágildandi lögum. Það einkenndi fjölmiðlaumræðu á þessum tíma að fyrst og fremst var vísað til starfskjara þjóðkjörinna fulltrúa en lítt vikið að öðrum, m.a. ekki þeim fjölmenna hópi sem undir kjaranefnd heyrir.

Við þessar sérstöku kringumstæður var skipuð nefnd sú er samdi fyrirbyggjandi frumvarp. Frumvarpið ber þess merki að vera samið við þessar undarlegu aðstæður.

Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana taldi, í janúar 2006 í álitum sem félagið sendi efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, það vera varhugaverða leið að ógilda úrskurð Kjaradóms. Er það skoðun stjórnar FFR að með samþykkt laga nr.

2/2006 hafi skapast ákveðin réttaróvissa, svo og ýmis lagaleg álitamál. Í engu var tekið tillit til ábendinga fjölda aðila og frumvarpið samþykkt óbreytt.

Með þeim lögum greip löggjafinn fram fyrir hendur lögskipaðrar nefndar sem var að vinna störf sín samkvæmt lögum og felldi úr gildi lögmaletar og rökstuddar ákvarðanir Kjaradóms. Jafnframt voru allar launagreiðslur til skjólstæðinga Kjaradóms og kjaranefndar frystar allt yfirstandandi ár þ.e. 2006, þrátt fyrir sanningsbundnar hækkanir til annarra.

Ákvörðun löggjafans með samþykkt laga nr. 2/2006 var á skjön við meginþætti þeirrar stefnu sem bæði framkvæmdavaldið og löggjafarvaldið hafa beitt sér fyrir á undanförnum árum um vandaða stjórnsýsluhætti sem miða að því að ákvörðun stjórnvalds sé ávallt byggð á málefnalegum sjónarmiðum. Grundvallaratriðum stjórnsýsluréttarins um jafnræði, meðalhóf og vandaða stjórnsýsluhætti var vikið til hliðar að því er virðist til að hlaupa eftir lítt rökstuddum upphrópunum. Nú hefur amk. eitt dómsmál verið höfðað til að fá lögunum hnekk. Skoðun stjórnar FFR er óbreytt og fyrirliggjandi frumvarp breytir í engu skoðun félagsins á þeirri atburðarás sem áður er lýst.”

Niðurstaða þessa máls er ekki ljós þegar stjórn FFR gengur frá þessari starfsskýrslu sinni en líklegt má telja að frumvarpið verði samþykkt líklega að mestu óbreytt.

Um kjara- og lífeyrismálin almennt má segja að þetta er viðkvæmur málaflokkur og býsna skiptar skoðanir eru meðal félagsmanna um hvernig þessum málum sé best fyrir komið. Allar kerfisbreytingar eru í eðli sínu varasamar og kunna að raska jafnvægi. Þannig telur hópur félagsmanna að félagið eigi að einbeita sér að lífeyrismálum meðan aðrir telja að launamál beri að skipa hærri sess. Þá eru ólík sjónarmið um hvort gera beri mun á launum eftir ráðningarformi forstöðumanna svo og hvort ráðuneyti eigi að ákveða laun þeirra að hluta eða jafnvel öllu leyti. Félagsmenn eru þó sammála um að breyting þurfi að verða á launum til hækkunar.

Málaflokkur þessi í starfi félagsins er mjög vandmeðfarinn og auðvelt að koma málum í ógöngur. Reynsla stjórnar FFR á liðnum árum hefur sýnt að við þetta þarf gætni, þolinmæði og þrautseigju.

Stjórn félagsins hefur haft til gaumgæfilegrar skoðunar hvort ekki sé rétt að aðskilja kjara- og launamál frá öðru félagsstarfi. Þau Sjöfn Sigurgísladóttir, Gísli Tryggvason, Rannveig Gunnarsdóttir, Ingibjörg Ásgeirsdóttir og Guðrún Gísladóttir hafa fyrir hönd stjórnar FFR haft þessi mál til athugunar. Eru komnar

frá þeim tillögur sem eru allra athygli verðar. Það er þó ljóst að innan þess hóps eru býsna skiptar skoðanir um þetta mál.

Er fyrirhugað að kynna fyrirbyggjandi tillögur á næsta starfsári á haustmánuðum og leita viðhorfa félagsmanna. Í tillögum hópsins eru einkum tveir möguleikar nefndir, annar er að stofnuð verði sjálfstæð deild innan FFR sem færi með launamál. Hinn möguleikinn er að stofnað verði nýtt félag, eins konar kjarafélags stjórnenda í almannajónustu sem tæki kjaramálin út úr FFR.

Auk tillagna starfshópsins eru einnig aðrir möguleikar sem kalla má í þessu samhengi þriðja möguleikann, sem sé að öll launamál verði félaginu með öllu óviðkomandi. Það væri róttæk tillaga sem hefur þó heyrst oftast nefnd á síðustu árum, einkum frá þeim hópi félagsmanna sem telja að félagið eigi engin afskipti að hafa af launa- og kjaramálum heldur verð eingöngu fagfélag.

Loks er fjórði möguleikinn að hafa núverandi fyrirkomulag óbreytt og leggja allar hugmyndir um breytingar til hliðar.

Stjórn félagsins hefur ekki kannað hug félagsmanna til þess hvort efni séu til breytinga en telja verður augljóst að þetta málefni þarfnast ítarlegar umræðu félagsmanna áður en ákvarðanir liggja fyrir.

Rétt er að hafa í huga í þessu samhengi að ef vilji félagsmanna stendur til að gera breytingar á kjaramálum á vegum FFR myndu eðli máls samkvæmt slíkar breytingar leiða til nýrra félagslaga eða amk. breytingar á núverandi félagslögum.

VII. Staða FFR – áherslur og viðhorf

Nokkuð er um að félagið sé beðið um að koma fram á ráðstefnum og fundum sem fulltrúi stofnana og raunar frekar sem eins konar vinnuveitandasamband ríkisstofnana. Þá er alltaf einhver ásókn ráðgjafa og fyrirtækja sem selja vilja ríkisstofnunum þjónustu sína til að fá félagið sem einhvers konar milligönguaðila um viðskipti. Er því ljóst að félagið hefur smám saman verið að festast í sessi sem vettvangur fyrir forstöðumenn ríkisstofnana til að koma fram sjónarmiðum sínum og áherslum um ríkisreksturinn einkum um starfsmannabátt þess. Það er einnig athyglisvert að þess eru dæmi að einstakar stofnanir hafa óskað eftir þátttöku FFR í ráðstefnum og fundum, sem viðkomandi stofnanir hafa sjálfar staðið fyrir til að kynna löggjöf eða regluverk. Þetta síðastnefnda er vandmeðfarið mál. Vitaskuld getur félagið ekki staðið fyrir slíku nema í afmörkuðum tilfellum enda er hlutverk þess ekki að boða tilteknar lagareglur eða háttsemi sem einstökum stofnunum er falin framkvæmd á. Á hinn bóginn er sjálfsagt að félagið geti verið umræðuvettvangur fyrir stjórnarsýsluleg álitamál.

Í fyrri ársskýrslum hefur verið rakið að Alþingi Íslendinga leitar reglulega til félagsins til umsagnar um málefni sem varða stofnanir hins opinbera. Félag forstöðumanna ríkisstofnana hefur nú sterkari stöðu en nokkru sinni fyrr og stjórn félagsins telur vel koma til greina með því að styrkja þá stöðu enn frekar, t.d. með útgáfu fréttabréfs. Að undanförunu hefur Fjármálaráðuneytið fengið félagið til að koma á framfæri við forstöðumenn stofnana upplýsingum um stöðu samningamála við starfsmenn ríkisins. Sömuleiðis hefur Fjármálaráðuneytið einnig notað félagið til að hlýða á viðhorf forstöðumanna stofnana. Fundir þessa og síðasta starfsára eru glögg merki um þetta. Þá hefur stjórn félagsins, einkum formaður, ritað reglulega um nokkurra ára skeið pistil í fréttablað fyrir stjórnendur ríkisstofnana sem fjármálaráðuneytið gefur út sem vefrit. eru í þeim pistlum m.a. reifuð viðhorf félagsins og félagsmanna til málefna líðandi stundar hvað varðar ríkisreksturinn og stofnanir hins opinbera.

Allt þetta sýnir að áhrif félagsins og félagsmanna fara vaxandi um mál sem koma upp og snerta rekstur ríkisstofnana.

Raunar er það stöðugt og áleitnið álitamál hverjar skuli vera áherslur félags eins og Félag forstöðumanna ríkisstofnana er. Félagið er ekki fagfélag, ekki hreint

réttindafélag og ekki kjarafélag félagsmanna en er ætlað að standa vörð um hagsmuni þeirra. Kjaramálin hafa frá sjónarhóli félagsstjórnar raunar verið óþarflega fyrirferðarmikil liðið starfsár en það á sér sérstakar skýringar áður hefur verið lýst. Reyndin hefur orðið sú að sífellt eykst sá þáttur í starfi félagsins sem snýr að stofnunum sjálfum og störfum þeirra. Ef hins vegar félagið væri hreint kjarafélag eða legði mikla áherslu á þau málefni á opinberum vettvangi er viðbúið að áhrif þess yrðu ekki söm hvað aðra þætti varðar. Eins og alltaf er hér vandrataður meðalvegurinn en stjórn félagsins telur að á undanförunum árum hafi tekist að stíga ölduna á farsælan hátt. Miklar líkur eru þó á að kjaramál félagsstarfsins muni heyra sögunni til, amk. í því formi sem verið hefur.

VIII. Fjárhagsmálefni.

Fyrir aðalfundi liggur endurskoðaður efnahags- og rekstrarreikningur fyrir liðið starfsár. Rekstrartekjur félagsins eru annars vegar félagsgjöld og hins vegar tekjur af ráðstefnum. Aðrar tekjur eru fjármagnstekjur.

Niðurstaða efnahagsreiknings pr. 30. apríl 2006 er að hrein eign félagsins er kr. 1.586.162 og er það allt handbært fé. Hagnaður hefur verið af rekstri öll ár frá því að félagið hóf starfsemi að nýju 1997. Með breyttu fyrirkomulagi á fundarboðunum, aðhaldi í rekstri félagsins og bættri ávöxtun á sjóðum þess hefur þannig tekist að mynda nokkra fjármuni í sjóðum félagsins.

Félagsgjöldum hefur um árabíl verið mjög í hóf stillt, hafa verið á milli kr. 3.000 - 4.000.. Flestir félagsmenn láta viðkomandi stofnanir greiða félagsgjöldin, enda er drjúgur hluti af starfi félagsins viðkomandi stofnunum til hagsbóta. Ríkisendurskoðun hefur svo vitað sé, ekki gert athugasemdir við það fyrirkomulag.

Forstöðumenn sem látið hafa af störfum greiða ekki félagsgjald en er heimilt að sækja alla viðburði félagsins gegn venjulegu fundagjaldi.

IX. Lokaorð.

Með þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi félagsins að undanfögnu og hvernig stjórn þess horfir til nánustu framtíðar. Starfsemi félagsins hefur verið nokkuð misjöfn frá stofnun þess 1986 og var um árabil frá árunum 1994 - 1997 engin. Sú lægð í starfi félagsins var afar óheppileg og er ótvírætt að hún skaðaði það. Síðastliðinn tæpan áratug hefur starfsemi félagsins farið vaxandi, jafnvel svo að einstaka aðila hefur þótt nóg um. Á þeim árum hefur félagið í síauknum mæli látið til sín taka í sameiginlegum hagsmunamálum félagsmanna sem stjórnenda en jafnframt beint sjónum sínum að réttindamálum félagsmanna og kjaramálum þeirra.

Til framtíðar séð telur stjórn félagsins að leggja beri aukna áherslu á þrennt:

- Ýmis atriði við stjórnun stofnana, svo sem að lagaumhverfi sé skýrt, samráð geti verið milli félagsmanna um stjórnunarlegar áherslur, m.a. um starfsmannamál og að sjálfstæði stofnana sé tryggt.
- Félagið geti komið á framfæri upplýsingum um opinberan rekstur og tekið þátt í málefnalegri umræðu í samfélaginu um gildi opinberrar þjónustu og eðli hennar.
- Að réttindi félagsmanna verði virt í hvívetna, þau aukin eftir því sem kostur er og stuðlað verði að bættum kjörum félagsmanna. Slíkum framförum verði best náð með því að aðskilja kjaramál öðrum félagsstörfum.

Félagsstjórn FFR hefur verið það kappsmál að félagsmenn taki þátt í starfi félagsins í fundum, ráðstefnum og öðrum atburðum í því skyni að treysta félagsbönd félagsmanna, bæta stjórnsýslu stofnana hin opinbera, styrkja félagið og auðvela því að ná markmiðum sínum.

Reykjavík 23. maí 2006.

Skúli Eggert Þórðarson
Björn Karlsson
Margrét Hallgrímsdóttir
Þorkell Helgason

Sigríður Björk Guðjónsdóttir
Snævar Guðmundsson
Sjöfn Sigurgísladóttir
Óli H. Þórðarson